

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Þóris Þorvaldssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri 9. október 2020  
UST202009-212/Í.M.J.  
10.05.07

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn - Vatnsból í Vogum**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 24. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Sveitarfélagið Vogar áformar að taka í notkun nýtt vatnsból til öflunar neysluvatns. Fyrirhugað vatnsból verður staðsett sunnan við Reykjanesbraut, rétt austan við Snorrastaðatjarnir. Núverandi vatnsból er staðsett við Vogavík, á mörkum lóðar fiskeldisfyrirtækisins Stofnfisks. Fram kemur í greinargerð meðfylgjandi matsskyldufyrirspurn að ástæða flutnings sé mengunarhætta sem stafi af umferð um Reykjanesbraut sem liggur um grannsvæði vatnsbólsins.

Áformaðar framkvæmdir fela í sér borun tveggja borhola fyrir neysluvatn og byggingu dæluhúss innan byggingarreits auk lagningar þjónustuvegar að byggingarreit frá núverandi þjónustuvegi Suðurnesjalínu sunnan Reykjanesbrautar, og lagningu niðurgrafinnar stofnlagnar með fram þjónustuvegi að núverandi stofnlögn við Vogavík. Fyrirhugað er að holurnar verði 45 metra djúpar og að sótt verði um leyfi fyrir vatnstöku á allt að 100 l/s meðalrennsli á ári (bls. 2).

Fram kemur í greinargerð að tillögur að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna vatnsbólsins séu í skipulagsferli. Þá kemur fram að Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja hafi gert tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 sem bíður staðfestingar ráðherra (bls 10).

Umhverfisstofnun veitti þann 29. september sl. umsögn um frummatsskýrslu um aukna framleiðslu hjá Stofnfiski við Vogavík. Þar kom fram að fiskeldið mun taka yfir þær borholur sem nú eru notaðar fyrir neysluvatn sveitarfélagsins og að vegna stækkunarinnar sé þörf á að sveitarfélagið sækir neysluvatn annað. Þetta kom ekki fram í greinargerðinni sem hér er til umfjöllunar. Umhverfisstofnun telur ekki skýrt hver ástæða framkvæmdarinnar er og hvort brýnir almannahagsmunir séu fyrir hendi sbr. 61. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd og umfjöllun um áhrif á jarðmyndanir og gróður hér að neðan.

### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun fjallar um og tekur afstöðu til áhrifa framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti; jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf, grunnvatn, landslag og ásjáð svæðisins.

### **Jarðmyndanir og lífríki**

Fram kemur í greinargerð að framkvæmdasvæðið sé á náttúruminjaskrá og að Þráinsskjaldarhraun, sem þjónustuvegur og stofnlögn munu liggja um, njóti verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess kemur fram að svæðið njóti einnig hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Voga en að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á þá þætti sem falla undir hverfisvernd (bls. 11). Vísað er í úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu 2, þar sem fram kemur að verndargildi jarðmynda á Strandarheiði er metið hátt (bls. 12). Þá kemur fram að ríkjandi vistgerðir á framkvæmdasvæði eru mosahraun og lynghraun sem hafa miðlungs verndargildi skv. vistgerðaflokkun NÍ (bls. 11).

Samkvæmt greinargerð er fyrirhuguð staðsetning borhola á mörkum Þráinsskjaldarhrauns og grágrytissvæðis frá hlýskeyði ísaldar (bls 12). Tekið er fram að framkvæmd við lagningu vegar og stofnlagnar verði á röskuðu svæði norðan Reykjanesbrautar og að hluta eftir „skriðdrekaslóða“ sunnan hennar. Þjónustuvegur og dæluhús munu raska um 7.500 m<sup>2</sup> af hrauni, þar af 4.000 m<sup>2</sup> af „lítt röskuðu“ hrauni skv. greinargerð (bls. 13). Niðurstaða greinargerðar er að umfang rasks vegna framkvæmdar á jarðmyndanir verði lítið í ljósi þess hve víðáttumikið hraunið er (bls. 19). Umhverfisstofnun áréttar að sú sérstaka vernd sem hraunið nýtur skv. 61. gr. laga um náttúruvernd veltur ekki á umfangi rasks heldur nýtur það verndar gagnvart öllu raski. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar ber að forðast að raska þeim náttúrufyrirbærum sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun, þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Af mynd 3.6 að dæma telur Umhverfisstofnun ekki rétt að flokka skriðdrekaslóða, sem fyrirhugað er að vegur og stofnlögn liggja um, sem raskað svæði. Æskilegra væri að flokka það sem endurheimt svæði sem var áður raskað og ber þess merki að einhverju leyti að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði mátt betur um valkosti á lagningu vegar og stofnlagnar, annars vegar að farið verði eftir leið sem gengur út frá þjónustuvegi Suðurnesjalínu þar til hann sameinast skriðdrekaslóða og hins vegar að fylgja skriðdrekaslóða alla leið að vatnsbólínu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski á hrauni sé haldið í lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er á skrá yfir aðrar náttúruminjar í náttúruminjaskrá og er nr. 109 og nefnist Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnbjargar. Svæðið er á skránni m.a. vegna gróskumikils gróðurs í Snorrastaðatjörnum og vegna þess að svæðið er mikilvægur áningarstaður farfugla að vori og hausti. Stofnunin bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að forðast skuli að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að við framkvæmdir sé forðast að raska mosagrónu hrauni og telur æskilegt að

framkvæmdir fari fram utan þess tíma sem farfuglar halda til á svæðinu. Stofnunin bendir á að svæðið fellur innan jarðvangs Reykjanes og hefur það verið vaktað af landvörðum á vegum Umhverfisstofnunar frá árinu 2018.

Umhverfisstofnun telur að í tilkynningarskýrslu hefði átt að fjalla um valkostagreiningu sem fram fór um staðsetningu borholunnar þ.e. valkosti merktum VB-2 í gildandi aðalskipulagi Voga og valkosti merktum V2 á mynd 3 í Viðauka 1 með greinargerð borið saman við valinn kost og ef til vill fleiri kosti og mismunandi umhverfisáhrif þeirra.

Umhverfisstofnun metur áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir vera óafturkræf og talsvert neikvæð á hraun sem nýtur verndar en áhrifin ættu að vera staðbundin.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vatnstakan hafi engin áhrif á vatnsstöðu Snorrastaðatjarna og að vatnsstaða þeirra sé könnuð áður en framkvæmdir hefjast og vöktuð reglubundið eftir að framkvæmdum líkur svo hægt sé að bregðast við ef neikvæð áhrif koma í ljós.

Stofnunin telur óvissu ríkja um áhrif framkvæmdar á lífríki Snorrastaðatjarna á náttúruminjasrá. Hægt sé að lágmarka áhrifin með vöktun á vatnsstöðu og hentugri tímasetningu framkvæmda í þágu lífríkis að mati Umhverfisstofnunar.

### **Grunnvatn**

Samkvæmt greinargerð mun vatnstaka fara fram með jarðborun í grunnvatn sem flýtur ofan á jarðsjó í berginu. Vísað er í skýrslu ÍSOR um ástand grunnvatnsins og niðurstöður rannsóknarborunar (Viðauka 1) þar sem gerður var 1 cm niðurdráttur við dælingu 50 l/s. Komist var að því að blöndun jarðsjávar við grunnvatn sé nánast óhugsandi við minna en 100 l/s dælingu (bls. 14). Niðurstaða greinargerðar er að vatnsnotkun að hámarki 100 l/s muni hafa sáralítil áhrif á ástand grunnvatns (bls 19).

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og að það vatnshlot sem rekstraradili nýtir fyrir vatnstöku er skilgreint með vatnshlotanúmeri 104-263-G Reykjanes. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Krafa er um að grunnvatnshlotið hafi góða magnstöðu, en vatnstaka getur haft neikvæð áhrif ef hún er umfram endurnýjun grunnvatns. Ekki er fjallað um vöktun á ástandi grunnvatns í vatnshlotinu í greinargerð en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fylgst sé vel með grunnvatnsstöðu á svæðinu til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á Snorrastaðatjarnir. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í leyfi Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í ljósi þeirra gagna sem lögð eru fram með greinargerð telur stofnunin áhrif framkvæmdar á grunnvatn vera óveruleg.

### **Landslag og ásýnd**

Fram kemur í greinargerð að byggingarreitur verði staðsettur í lægð í hrauninu svo ekki verði bein sjónlína að Reykjanesbraut (bls. 17). Gönguleið um Skógfellaveg liggur með fram fyrirhuguðum þjónustuvegi og lagnaleið og ljóst að rask verður sýnilegt þeim sem þar eiga leið um (bls. 18). Fram kemur að reynt verði að halda raski í lágmarki og verður dæluhús niðurgrafið svo það falli að landslagi (bls. 17). Þá verður þjónustuvegur

malarborinn (bls 18) og áhersla lögð á góða umgengni við framkvæmdir og snyrtilegan frágang (bls. 19). Niðurstaða greinargerðar er að áhrif framkvæmdar séu óveruleg þar sem um er að ræða lítið svæði sem liggur nærri Reykjanesbraut (bls. 19).

Umhverfisstofnun telur að draga megi verulega úr áhrifum dæluhúss á landslag og ásynd svæðisins með því að haga lögun, efnisvali og lit mannvirkisins með það að markmiði að láta það falla sem best að landslagi. Stofnunin bendir á 69. gr. laga um náttúruvernd þar sem segir að við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á ásynd svæðisins að því gefnu að framkvæmdaaðili fylgi ofangreindum framkvæmdaháttum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frágangur svæðis sé á þann hátt að ummerki framkvæmdar verði sem minnst að þeim loknum. Við uppgræðslu á svæðum eftir rask minnir stofnunin á mikilvægi þess að nýta staðargróður, þ.e. mosa líkt og hraungambra, þar sem algengar tegundir uppgræðslu, líkt og grös, myndu skera sig úr og valda neikvæðum áhrifum á ásynd svæðisins.

### **Annað**

Fram kemur í umfjöllun greinargerðar um mótvægisáðgerðir að framkvæmdir verði unnar í samráði við Umhverfisstofnun. Stofnunin telur óskýrt með hvaða hætti fyrirhugað er að slíkt samráð fari fram en telur ljóst að þess er þörf þar sem að koma þarf í veg fyrir áhrif á nærliggjandi svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að samráð og góðir framkvæmdahættir teljast ekki til eiginlegra mótvægisáðgerða en tekur undir áform um samráð við stofnunina.

### **Niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að vakta áhrif framkvæmdar á vatnsstöðu og fuglalíf Snorrastaðatjarna. Auk þess sem bæta mætti umfjöllun um valkosti og skýra betur frá fyrirhuguðu samráði við stofnunina um framkvæmdir.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdar á umhverfi liggja fyrir. Verði tekið mið af framangreindum ábendingum stofnunarinnar, þ.m.t. tillögur um vöktun auk frágangs á röskuðu svæði, í ákvörðunum um matsskyldu og leyfi framkvæmdar telur stofnunin að áformuð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þá er átt við veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í ljósi þessa telur stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.



Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir  
sérfræðingur